

# Reglugjörð

65  
15. júní

## um grenjaleitir og eyðing refa í Austur-Húnavatnssýslu.

### 1. gr.

Hreppsnefnd, eða sá, er hún hefur falið eyðing refa, skal á hverju vori skipa öllum búendum hreppsins að leita vandlega í heimalöndum sínum að tóugrenjum og hvort lagt hafi verið í þeim. Skal gera tvær leitir, þá fyrri 3 til 6 vikur af sumri og hina síðari 8 til 11 vikur af sumri eftir tíðarfari.

Á tímabilinu 6 til 11 vikur af sumri skal hreppsnefndin láta að minsta kosti eina rækilega grenjaleit fara fram í afrjettarlöndum hreppsins.

Vanræki nokkur grenjaleit er hreppsnefnd skylt að láta leita grenjanna á hans kostnað og kæra hann til sekta.

### 2. gr.

Hreppsnefnd skiftir hreppnum í leitarsvæði og skipar leitarstjóra á hverju þeirra. Leitarstjóri ábyrgist að leitir sju fulltryggar, skal hann gæta þess að aldrei leiti færri en tveir menn á hverju greni. Hver búandi, sem hefur land til umráða, er skyldur að leggja til hvernar leitar þar til hæfan mann. Enginn leitarmaður má hafa hund í för með sjer.

Vanræki nokkur að leggja menn til grenjaleitar, þar og þá er hreppsnefnd fyrirskipar, kærir hún það til sekta.

### 3. gr.

Þess skal vandlega gætt er gren finst, sem tóur hafa lagt í, hvort sem er af reglulegum leitarmönnum eða öðrum, að hafa þar sem minsta viðdvöl. Enginn má spilla tóugrenjum eða róta við þeim á nokkurn hátt, hvort sem dýr liggur í þeim eða ekki.

### 4. gr.

Hver, sem finnur gren, sem dýr liggur í milli leita eða eftir þær, er skyldur að tilkynna það tafarlaust hlutaðeigandi hreppsnefnd, er veitir honum hæfilega þóknun fyrir ómak hans.

### 5. gr.

Nú hefur hreppsnefnd fengið vitneskju um að dýr hafi lagt í greni og skal hún þá tafarlaust aðvara skyttu þá og vökumann, er henni ber að hafa ráðið til grenjavinslu.

### 6. gr.

Hreppsnefnd ræður skotmann og vökumann fyrir sanngjarna borgun miðað við kaupgjald í sveitinni.

Auk daglauna fær skotmaður:

- |  |          |
|--|----------|
| a. fyrir fyrra fullorðna dýrið, er hann vinnur . . . . . | Kr. 6,00 |
| b. fyrir hið síðara . . . . .                            | — 14,00  |
| d. fyrir hvern yrðling er hann drepur á greni . . . . .  | — 2,00   |

Skyttan leggi til skotfæri og önnur veiðiláhöld án sjerstakrar borgunar, en eitru fyrir yrðlinga leggur hreppsnefnd til.

65

15. júní

Sjái skyttan hvorugt fullorðna dýrið þrjú fyrstu dægrin (2 nætur, 1 dag), er hún liggur á greni og heyri eigi til yrðlinga, skal hún eigi skyld að bíða þar lengur, en sjáist annaðhvort eða bæði dýrin eða heyrist til yrðlinga, skal hún dvelja þar full 5 dægur ef eigi verður fyrri fullunnið, en lengur er hún ekki skyld að bíða, þó ekkert vinnist. Yfirgefi hún grenið fyr en hjer segir án lögmætra orsaka og liggi þó dýr þar, skal hún enga borgun fá og varðar það einnig sektum.

8. gr.

Nú fær hreppsnefnd tilkynning um nýfunduð gren, er dýr hafi lagt í, í landeign annara hreppa, skal hún þá tafarlaust senda til oddvita þess hrepps, er þá annast um vinslu þess og greiðir kostnað þann, er af sendiförinni leiðir. Vanræki oddviti þá skyldu sína, skal hreppsnefndin í hreppi þeim, er finnandi á heima í, annast um að grenið sje þegar unnið á kostnað sveitarsjóðs þess hrepps, er grenið heyrir til, og kæra slíkt hirðuleysi fyrir sýslumanni til sekta og fullra skaðabóta.

9. gr.

Nú vill maður gera refaboga á annars manns landi eða gera þar refagildirur eða skothús, skal hann tilkynna það ábúanda, sem er skyldur að leggja á samþykki sitt, nema hann kjósi heldur að eyða á þennan hátt refum í landi sínu, en ef hann synjar leyfis en vinnur þó ekkert að eyðing refa og óvilhallir menn meta svo, að hann geti eigi beðið neinn skaða af refaveiði þeirri, er til var stofnað, er hann skyldur að þola, að hinn geri umgetnar veiðivjolar og varðar það sektum.

10. gr.

Fyrir hvert dýr, sem unnið er á öðrum tímum árs en grenjavinsla stendur yfir, skal greiða vinnanda kr. 15,00.

11. gr.

Sá, sem unnið hefur 50 dýr fær í aukaverðlaun 50 kr. og sömu verðlaun fær hann framvegis fyrir hver 50 dýr, en sanna hlýtur hann með greinilegri skýrslu um vinslu sína, hve mörg dýr hann hefur unnið og í hverjum hreppum. Verðlaun þessi greiðist úr sýslusjóði.

12. gr.

Verði dýrbíts vart í sveitinni, skal hreppsnefnd gera ítrustu tilraun til að láta vinna þau dýr, er því valda og ákveður hún í hvert sinn borgun til skotmanna.

13. gr.

Hreppsnefnd skal árlega útvega nægilegt refaaitur til að eitra agn fyrir refi, til agnsins skal hún útvega það æti, er henni virðist hentast og bera það út á hæglega mörgum stöðum. Eitrunin skal framkvæmd á fjærleggjandi afrjettum í fjærleitum eftir því sem við verður komið, en í nærliggjandi afrjettum og sveitum fyrir nóvembermánaðarlok og svo síðar að vetrinum ef hreppsnefnd telur þörf. Ennfremur skal eitra á vorum í grenjum þeim, sem ekki vinnast að fullu. Hreppsnefnd skal árlega gera sýslunefnd grein fyrir eitrunarútburði og árangri hans.

## 14. gr.

Í hvert sinn sem borið er út agn fyrir refi í bygð eða nálægt henni, ber hverjum þeim er það gerir að auglýsa það fyrirfram í sveitinni, svo öllum verði það kunnugt og hafa eigendur hunda þá engan rjett til að kæra, þó hundar, sem í agn fara, drepist af því.

Rjúpur, sem eitradar eru, skulu auðkendar þannig, að stýft sje af öðrum vængnum.

## 15. gr.

Hreppsnefnd hver skal hafa refaveiðabók, er í skal rita:

- a. Skrá yfir öll gren hreppsins og afrjettar þeirrar, er hann hefur umsjón með, svo og skýrslu um einkenning grenjanna.
- b. Arlegar skýrslur frá refaskyttum um í hvaða gren refir hafi lagt, hve mörg dýr hafi unnist á hverju greni og tölu yrðlinga, sem ætlaðir eru til uppeldis.
- c. Hverjir unnið hafi hlaupadýr og hve mörg. Skýrslurnar sjeu gefnar undir drengskaparorð.
- d. Lögskipaðar skýrslur.

## 16. gr.

Hreppsnefndir þeirra hreppa, er næst liggja afrjettar og fjallöndum, skulu hafa á hendi alla framkvæmd við refavinslu á þeim.

## 17. gr.

Kostnað við grenjaleitir í heimalöndum þeirra jarða, sem ábúð fylgir, beri umráðamenn heimalandanna. En annar refaveiðakostnaður greiðist úr sveitarsjóði.

Sjeu fleiri hreppar í sama upprekstrarfjelagi eða noti afrjettarlönd saman, skiftist kostnaðurinn á sveitarsjóði hreppanna í rjettu hlutfalli við fjárfjölda. Þó skal refaeyðingar-kostnaður í löndum Upprekstrarfjelags Eyvindarstaðaheiðar allur greiðast úr »Afrjettarsjóði Eyvindarstaðaheiðar«.

## 18. gr.

Brot móti reglugjörð þessari varða 20—200 króna sektum. Allar sektir renna að hálfu til uppljóstrarmanns og að hálfu í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið.

## 19. gr.

Með mál sem rísa út af gegn brotum reglugjörð þessari, skal farið sem almenn lögglumál.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefndin í Austur-Húnavatnssýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 48, 28. nóvember 1919, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. júlí 1921.

**Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 15. júní 1921.**

**Pjetur Jónsson.**

*Oddur Hermannsson,*